

1861. beiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga
 27. ágúst. að máli, að eptir öllu því, sem fram er komið um atvik málsins, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita eður útvega endurgjald kostnaðar þess, sem fyr var getið, einkum fyrir þá sök, að menn höfðu tekið upp hjá sjálfum sér að gjöra ráðstafanir þær, er fænu var til varið, sumpart án samþykkis yfirvaldsins, og sumpart eptir að amtmaður með berum orðum var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn úr jafnaðarsjóði amtsins.

27. ágúst. 50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um auglýsing reikninga.

Þér hafið herra amtmaður, í bréfi 30. maím. þ. á. spurt um, hvort reikningar sveitarsjóðanna í hverjum hreppi eigi að teljast með þeim reikningum, sem konungsúrskurður 2. marzm. þ. á. býður að auglýstir sæu á prenti; svo og hvort birta eigi með reikningum þeim, sem þannig skal auglýsa, fylgiskjöl þeirra, t. a. m. fylgiskjölín við jafnaðarsjóðsreikninga amtsins.

Um þetta er yður það kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar, að kveða verður nei við báðum þeim spurningum, er þér hafið upp borið.

30. ágúst. 51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.

Í bréfi 1. marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi nokkrum milli yðar og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort opið bréf 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, geti heimfærzt til tómthúsa þeirra, er sæu á jörðinni Arnarhóli, sem fengin er stiptamtmanni til afnota.